

Áhersluþættir í textílmennt í Melaskóla.

Nám í textíl byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Textílnámið gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og um leið tjá sig. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og byggir á rógroinni handverkshefð sem hefur þróast og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttar áherslur í menntun og uppeldi.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Mikilvægt er að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru þættir sem tengjast textílmennt sterkt og lögð er áhersla á að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir og nýsköpun.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013, eru hæfniviðmið list- og verkgreina byggð á sex grunnþáttum þ.e. *-læsi, -sjálfbærni, -heilbrigði og velferð, -lýðræði og mannréttindi, -jafnrétti og loks -sköpun*. Auk þess er hæfniviðmiðum í textílmennt skipt upp í þrjá efnisflokkar ; a) aðferðir og tækni, b) sköpun, hönnun og útfærsla c) menning og umhverfi.

| Hæfniviðmið í textílmennt við lok 4. bekkjar: | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur |
|---|-----------|-----------|-----------|--|
| Handverk, aðferðir og tækni | | | | <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið bæði sjálfstætt og eftir fyrir mælum kennara • kynnist vinnu við saumavél og læri einföld grunnatriði við vélsaum • snúið saman snúru • fitjað upp, þrjónað garðaprjón og fellt af • saumað saman þrjónaverkefni og gengið frá endum |

Skólanámskrá

Textílmennt – yngsta stig

Melaskóli

| | | | | |
|----------------------------|--|--|--|---|
| | | | | <ul style="list-style-type: none"> • gengið vel um verkfæri, efni og vinnuaðstöðu |
| Sköpun, hönnun og útfærsla | | | | <ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu • skreytt textílvinnu á einfaldan hátt • gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni • leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum • Geti lesið og unnið eftir einföldum skriflegum leiðbeiningum • tamið sér vandvirkni og góð vinnubrögð |
| Menning og umhverfi | | | | <ul style="list-style-type: none"> • sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt • sagt frá nokkrum tegundum textílefna • fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti |

Skólanámskrá**Textílmennt – yngsta stig****Melaskóli**

| | | | | |
|-----------------|--|--|--|--|
| | | | | <p>til veðurs, athafna og tilefna</p> <ul style="list-style-type: none">• notað ný og endurunnin efni í textílvinnu• nýtt sér hugmyndafræði listamanns við sína eigin textílvinnu t.d. Barböru Árnason sem er annar listamaður skólans. |
| Námsefni | | | | <ul style="list-style-type: none">• Kennslubók, Hannyrðir í 3-6. bekk• Valið út frá áherslum í aðalnámskrá t. d af veraldarvef og úr fagtímaritum• Skriflegar verklýsingar kennara |
| Námsmat | | | | Námsmat Símat og einkunn í lok annar. |